

## REGLUGERÐ fyrir Fræðslusjóð Einingar-Iðju.

---

### 1. grein:

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Einingar-Iðju.

### 2. grein:

Tilgangur sjóðsins er: Alhliða fræðslustarfsemi með sérstakri áherslu á starfsemi verkalýðsfélaga og sögu þeirra, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, samskipti verkafólks innbyrðis og við atvinnurekendur og aðra almenna fræðslu, er verkafólki kemur að gagni við störf sín eða tómstundaiðkanir.

### 3. grein:

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin iðgjöld atvinnurekenda á hverjum tíma.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur, er til falla, t.d. vegna sölu fræðslurita eða innheimtu námskeiðsgjalda.

### 4. grein:

Sex félagsmenn skipa stjórn sjóðsins, og skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þess skal gætt við val á stjórnarmönnum að a.m.k. einn stjórnarmaður sé úr hverri starfsgreinadeild. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Formaður eða varaformaður félagsins kalli stjórnina saman til fyrsta fundar.

### 5. grein:

Stjórnin skipuleggur fræðslustarfsemi á vegum sjóðsins, t.d. fræðslufundi, námskeiðahald og útgáfu fræðslurita eða dreifingu fræðslurita frá öðrum. Hún getur einnig styrkt einstaka félagsmenn til náms í Félagsmálaskóla alþýðu eða til að sækja fræðslunámskeið um verkalýðsmál eða störf viðkomandi aðila, sem aðrir standa fyrir. Loks getur stjórnin veitt fé til ritunar á sögu félagsins eða einstökum þáttum hennar.

Starfsmaður félagsins sem fer með fjármál þess, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.

### 6. grein:

Verði ágreiningur um fjárveitingar úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður vísað málinu til stjórnar félagsins, sem þá fellir endanlegan úrskurð.

### 7. grein:

Laust fé fræðslusjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda komi þá til samþykktar stjórnar félagsins og félagssjóður þá ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar fræðslusjóður þarf á fé sínu að halda.

### 8. grein:

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

**Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju þann 16. apríl 2024.**